

Þarfagreining aðildarfélaga HSV 2022-2027

Árið 2012 skilaði íþrótt- og tómstundanevnd af sér íþrótt- og tómstundastefnu og í framhaldinu fól bæjarstjórn nefndinni að vinna skýrslu um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Árið 2014 leit svo dagsins ljós fyrsta uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ og hefur hún síðan þá verið endurskoðuð reglulega. Þessi áætlun hefur ávallt verið unnin í góðu samstarfi við íþróttafélögin í sveitarfélaginu og byggist að mestu leyti upp á þörfum og óskum þeirra. Héðan í frá verður talað um þarfagreiningu aðildarfélaga HSV í stað uppbyggingaráætlunar sem taldist villandi heiti á skjalinu.

Þegar þarfagreiningin hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar geta aðildarfélög HSV sótt um uppbyggingarsamninga til Ísafjarðarbæjar til að framkvæma þau verkefni sem nefnd eru í þarfagreiningu, í 3 og 5 ára áætlun. Íþrótt- og tómstundanevnd getur hvenær sem er endurskoðað áætlunina ef hún óskar eftir því. Þarfagreiningin er ekki bindandi fyrir Ísafjarðarbæ, sem getur farið í önnur uppbyggingarverkefni á íþróttamannvirkjum en getið er í þessu skjali. Jafnframt skal þess getið að Ísafjarðarbæ ber ekki skylda til að framkvæma öll þau verkefni sem nefnd eru í skjalinu. Í 3. og 5. ára áætlun þarfagreiningar eru fyrst og fremst tíunduð þau verkefni sem aðildarfélög HSV telja að þurfi að framkvæma.

Núverandi þarfagreining aðildarfélaga HSV rann út árið 2021 og því var ljóst að íþrótt- og tómstundanevnd þurfti að hefja undirbúning að nýrri áætlun. Vinnan fór í gang haustið 2021 og var byrjað á að kalla eftir óskum og þörfum íþróttafélaganna í sveitarfélaginu. Jafnframt var kallað eftir hugmyndum um uppbyggingu frá Héraðssambandi Vestfirðinga og starfsfólki íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ. Þegar öll gögn höfðu borist til íþrótt- og tómstundanevndar kom í ljós að sum verkefnin sem aðildarfélög HSV höfðu nefnt voru viðhaldsverkefni. Var ákveðið að hafa þau sér eins og venjan er. Þegar nefndin hafði forgangsraðað verkefnum og skipt þeim niður á 3. og 5 ára áætlun var þarfagreiningunni vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

Bæjarstjórn óskaði eftir að nokkrum verkefnum yrði bætt inn í þarfagreiningu aðildarfélaga HSV og vísaði henni aftur til íþrótt- og tómstundanevndar. Má þar helst nefna verkefni tengd framtíðaruppbyggingu á skíðasvæðum á Ísafirði og byggingu nýrrar sundlaugar á Torfnesi.

3 ára áætlun

Hvað	Hvernig	Staðan
Aðstaða fyrir félagsmenn Skotís	Koma upp aðstöðu fyrir félagsmenn og keppendur við skotsvæði á Torfnesi. Bæta salernisaðstöðu til frambúðar.	
Færa skotsvæði í Dagverðardal	Færa skotsvæði í Dagverðardal þangað sem hægt er að nota það stóran hluta af árinu.	
Aðstaða fyrir íþróttafélagið Ívar	Aðstöðu til að geyma búnað í þeirra eigu.	
Útikörfuboltavöllur á Torfnesi	Endurnýja útikörfuboltavöll við Torfnes. Útivöllur þarf að henta yngri iðkendum líka.	
Merking hjólabrauta	Merkingarsvæðis. Öryggismerkingar, litakóðar skv. stöðlum, annaðhvort ameríska kerfið eða evrópska kerfið. Merkja heiti leiða með „Instagram. Milestone“, merkja brekkurnar uppá heiði og uppá dal.	
Aukið aðgengi fyrir eldri borgara og fatlaða einstaklinga á golfvöllinum	Hægt er að fara um golfvöllinn á Ísafirði á golfbíl, en þó ekki að öllum brautum. Hægt er að bæta þetta aðgengi með gerð betri stíga fyrir golfbílana. Myndi það gera mörgum eldri borgurum og fötludum einstaklingum kleift að stunda golf.	
Frisbí golfvöllur	Frisbí golfvöllur hefur verið í skoðun og hefur Höfrungur fengið tilboð í uppsetningu hans og búnað. Búið er að finna vellinum stað en hann yrði í kringum íþróttamiðstöð. Tilboð sem var komið er 1.200.000kr.-.	
Neðri hæði í Vallarhúsi	Neðri hæð í vallarhúsi. Búið er að taka einn búningsklefa af þremur í gegn. Er nauðsynlegt að koma hinum tveimur klefunum í almennilegt horf. Laga salernisaðstöðu og sturtur, setja upp skápa og góða aðstöðu.	

Útihandboltavöllur	Útvöllur á Torfnesi verði gerður aðgengilegur til að spila handbolta.	
Lýsing á skíðasvæðin	Lýsing - Almennt þarf á báðum skíðasvæðunum að laga lýsingu í brautum og er þá í Tungudal horft sérstaklega til Miðfells og síðan almenn lýsing á Seljalandsdal.	
Girðingar á skíðasvæði	Girðingar - Halda þarf áfram uppsetningu snjógirðinga um svæðin.	
Fjölnota íþróttahús á Torfnesi	Með nýju fjölnota íþróttahúsi á Torfnesi er hægt að æfa fótbolta allt árið um kring. Jafnframt geta önnur íþróttafélög nýtt sér húsið, sem myndi rýmka um tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi sem nú er fullnýtt.	

5 ára áætlun

Hvað	Hvernig	Staðan
Útisvæði hestamanna í Engidal	Undirbygging hringvallar – Unnið verði að mótun hringvallar, útsendingu brautar og jarðvegsskipti.	
Frágangur á hringvelli	Frágangur á hringvelli – Unnið verði að uppbyggingu neðra burðarlags með ræsum og skurðum, gerð efra burðarlags hringvallar, fláar grófjafnaðir, komið fyrir lýsingu og langleiðum.	
„Pumptrack“ braut við Grænagarð	Gera „Pumptrack“ hjólabraut við Grænagarð sem hentar öllum bæjarbúum og öllum gerðum af hjólum.	
Hjólabraut í Skutulsfirði	Hjólabraut/ stígur Tengja Seljalandsdal – skógur/tjaldsvæði Tengja Seljalandsdal – Tungudal. Búa til fjallaslóða sem tengir skíðaskálann á seljalandsdal við skíðasvæði í Tungudal. Göngu/hjólaleið frá Tungudal uppá Hnífa. Helst meðfram ánni.	

Slitlag á bílastæði	Leggja slitlag á bílastæði við golfvöll	
Stækkun golfvallar	Stækkun vallar um 3 brautir til að uppfylla kröfur um að taka að okkur stærri golfmót. Hér er átt við svæði sem er í skipulagsferli.	
Vallarsvæði Suðureyri	Vinna þarf að uppbyggingu á vallarsvæðinu okkar og/eða taka ákvörðun um framtíð þess svæðis.	
Gervigras á aðalvöllinn	Gervigras á aðalvöllinn. Grasið á aðalvellinum kemur, nánast undantekningarlaust, illa undan vetri. Þarna er mikil bleyta og vinnan við að halda vellinum þökkalegum er gríðarleg. Í mörg ár, hefur ekki verið hægt að æfa á aðalvellinum, heldur er hann einungis nýttur sem keppnisvöllur fyrir meistaraflokk og, þegar vel gefur, elstu hópa yngri deildanna.	
Klára stúku	Klára stúkuna við Olísvöllinn Stúkan er ókláruð, enn eru eftir tveir áfangar af henni. Annars vegar er það hús ofan á stúkuna og hins vegar þak yfir.	
Landmótun í Tungudal	Landmótun - Nauðsynlegt er að fara í landmótun til að auðvelda troðslu á ákveðnum lykilleiðum. Þannig er hægt að auka öryggi og ýta undir opnun fyrr	
Uppbygging skíðasvæðisins	Hefja framkvæmdir við framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Tungudal og Seljalandsdal skv. skýrslu SE Groups, sem starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal lét gera.	

Hugmyndir íþrótt- og tómstundanefndar/ bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og HSV til uppbyggingar á almennings tómstundum

Hvað	Staðan
Merkingar og leiðbeiningar við ærslabelgi sveitarfélagsins	
Heilsueflandi samfélag, hreystibrautir við helstu gönguleiðir í sveitarfélaginu	
Skoða áframhaldandi uppbyggingu við íþróttamiðstöðina á Þingeyri. Skoða með heimamönnum	
Fjölga göngustígum og gönguleiðum í bæjarfélaginu	
Sundlaug á Torfnessvæðinu	
Framtíðarskipulag Torfnessvæðisins – vinna starfshóps kláruð	

Viðhald sem fara þarf í næsta ári/árum

Hvað	Staðan
Lokuð/læst geymsla f. búnað HSV f. íþróttaskóla	
Koma upp ritaraborði sem uppfyllir þarfir kappleikja.	
Auka körfuboltaspjald á Torfnesi, net og körfuhringur.	
Gera breytingar á áhorfendapöllum á Torfnesi, til að auðvelda uppsetningu.	
Endurskipuleggja geymslur á Torfnesi	
Lýsing endurbætt á Torfnesi	
Laga leka í íþróttahúsinu á Suðureyri	
Stækka tækjasal í íþróttahúsinu á Suðureyri	
Endurnýja skilrúm í búningsklefum á Suðureyri	
Endurnýja stigmatöflu á Olísvelli	
Ný mörk á aðalvöll á Torfnesi	
Viðhald á sparkvöllum	
Nýir varamannabekkir í íþróttahús Torfnesi	
Ný mörk (eða ný net) í íþróttahús Torfnesi	
Varamannaskýli á aðalvelli Torfnesi	
Girðing við Olísvöll	

Íþróttá- og tómsundaneftnd leggur til við bæjarstjórn að gerðir verði uppbyggingarsamningar við eftirtalin íþróttafélög um ákveðin verkefni með HSV sem millilið: (eftir að umsóknir hafa borist)

Íþróttalið	Verkefni
